

# Frumvarp til laga

## um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

---

### 1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Heimilt er með sama hætti að veita styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigu-samnings, enda falli framkvæmdirnar undir ákvæði 1. málsl. og uppfylli að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur, að fengnum tillögum fráveitunefndar, nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vaxandi áhugi er hjá sveitarfélögum að taka fráveitur sem einkaaðilar reisa á leigu. Samkvæmt lögum njóta slíkar framkvæmdir ekki styrkja. Dæmi eru hins vegar um að sveitarfélag hafi staðið fyrir framkvæmdum en síðan selt mannvirkin og tekið þau á leigu. Eðlilegt væri að lögin heimiluðu styrkveitingar til fráveitufamkvæmda á vegum einkaaðila, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli þær undir markmið laganna, þ.e. ákvæði 1. gr. Sambærilegt ákvæði er að finna í ákvæði til bráðabirgða IV í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 60/2002, þar sem heimilt er að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings. Lagt er til að heimilað verði að styrkja sveitarfélögin í slíkum tilvikum þegar um fráveitufamkvæmdir er að ræða og gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um nánari framkvæmd heimildarinnar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1995,  
um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.**

Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmdir við fráveitur sem einkaaðilar reisa og leigja sveitarfélögum njóti fjárhagslegs styrks úr ríkissjóði með sama hætti og fráveituframkvæmdir á vegum sveitarfélaga. Fjárhagslegur stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga er ákveðinn í fjárlögum og telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki áhrif á fjárhæðina, heldur einungis skiptingu á milli framkvæmda, verði það að lögum.